

um endurgreiðslu söluskatts til rithöfunda.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Bjarni Guðnason, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að andvirði söluskatts af bókum renni til rithöfunda og höfunda fræðiritra sem viðbótarritlaun.

Greinargerð.

Rithöfundar hafa löngum barizt fyrir viðurkenningu á rétti sínum til sómasamlegrar greiðslu fyrir ritstörf sín. Kröfur rithöfunda geta tæpast talizt óhóflegar, þar eð þær miðast einvörðungu við það, að rithöfundar geti gefið sig óskipta að samningu bóka, án þess að þurfa jafnframt að eyða starfsorku sinni og tíma í önnur störf sér til lífsbjargar. Æ fleiri viðurkenna þá staðreynd í orði, að ritstörf verði ekki stunduð sem listgrein, nema þau njóti skilnings og viðurkenningar sem fullt starf. Samt hefur sorglega lítið þokazt áleiðis í hagsmunabaráttu rithöfunda, og nú er svo komið málum, að Íslendingar — hin forna bókaþjóð — verða að horfast í augu við það, að rithöfundar þeirra búa við verri kjör en þekkjast annars staðar á Norðurlöndum.

Útgáfukostnaður meðalbókar (um 250 bls.) mun áætlaður 1 millj. króna. Af þessum heildarútgjöldum kemur í hæsta lagi $\frac{1}{10}$ í hlut rithöfundarins. Algengust ritlaun eru frá 70—100 þús. kr. Einstaka rithöfundar fá rúmlega 100 þús., margir minna en 70 þús. Rithöfundurinn ber því minnst úr bítum allra þeirra, sem við verk hans eru riðnir, enda þótt starf hans hljóti að teljast undirstaða allra annarra bókaáæstarstargreina.

Ef ríkið viðurkennir á annað borð hlut skálda og rithöfunda í íslenskku menningarlífi, hlýtur það að hlaupa hér undir bagga. Stuðningur ríkisins við rithöfunda er sáralítill. Á fjárlögum þessa árs voru rúmlega 8 millj. kr. veittar til listamannalauna, heiðurslauna og starfsstyrkja. Þessi upphæð skiptist milli hinna ýmsu listgreina, og því rennur ekki nema hluti hennar til rithöfunda. Þá má og benda á, að hluti þessa framlags rennur í ríkissjóð aftur sem skatttekjur. Til samanburðar við framlag ríkisins til rithöfunda má geta þess, að framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands er áætlað tæpar 16 millj. og kostnaður við rekstur Þjóðleikhúss tæpar 35 millj. króna á fjárlagafrumvarpi næsta árs, en vera má, að þessar síðastnefndu tölur breytist eitthvað við afgreiðslu fjárlagafrv.

Auk annars óbeins hagnaðar ríkisins af störfum rithöfunda, svo sem skatttekna af starfslaunum allra, sem verk íslenzkra höfunda leggja beinan grundvöll að, fær ríkið 11% í söluskatt af hverri seldri bók. Þessi upphæð nam á s. l. ári rúml. 19 millj. kr. af innlendum bókum. Þessi upphæð er að meginhluta arður af störfum íslenzkra höfunda, og rithöfundar telja óeðlilegt, að ríkið hagnist á þennan hátt á bóksölu, meðan svo er ástatt, að nær ógerningur er fyrir þá sjálfa að gefa sig að ritstörfum.

Flm. þessarar þáttill. leggja því til, að söluskattur af bókum renni til höfundanna sjálfra sem viðbótarritlaun. Þessara viðbótarritlauna skulu einnig njóta höfundar þeirra fræðiritra, sem til menningarauka horfa fyrir þjóðina, enda eru ritlaun fyrir slíkar bækur engu hærrí en fyrir skáldverk. Ber að líta á slíka greiðslu í formi viðbótarritlauna sem framlag, er muni skila sér margfaldlega í öflugu bókmennta- og menningarstarfi.

Menntamálaráðuneytið setji reglugerð um þann hátt, er hafður yrði á um slíkar viðbótagreiðslur til bókahöfunda.

Þess má geta, að í lögum um söluskatt felst viðurkenning á því, að ríkið skuli ekki hagnast á starfi listamanna með þessum hætti, þar eð sala listamanna á eigin verkum er undanþegin söluskattsskyldu. Sambandi bókahöfunda og lesenda er vart unnt að halda uppi milliliðalaust. En með því að fara þá leið, sem hér er lagt til, gæti ríkið að nokkru komið til móts við rithöfunda á sama hátt og það gerir nú við t. d. myndlistarmenn, sem aðstöðu hafa til að selja verk sín sjálfir.